

| | | F. Skinnavara: | | í peningum. | | Hundrað á | | Alin. | 42 |
|-----|--|----------------|----------------------------------|-------------|------|-----------|------|-------|-----------|
| | | | | Kr. | Aur. | Kr. | Aur. | Aur. | 22. marz. |
| 31. | 1 <i>o</i> 4 fjórðungar | nauts | 10 pund á | 14 | 2 | 56 | 8 | 47 | |
| 32. | — 6 — | kýr | — — — | 12 | 73 | 76 | 38 | 64 | |
| 33. | — 6 — | hross | — — — | 10 | 99 | 65 | 94 | 55 | |
| 34. | — 8 — | sauð | — — — | | | | | | |
| 35. | — 12 — | sauð | — — — | 10 | 51 | 84 | 8 | 70 | |
| 36. | — 6 — | sels | — — — | 8 | 50 | 102 | » | 85 | |
| 37. | — 240 | lambskinn | (vorlamba), einlit . . . hvert á | 11 | 72 | 70 | 32 | 59 | |
| | | | | » | 16 | 38 | 40 | 32 | |
| | | G. Ýmislegt: | | | | | | | |
| 38. | 1 <i>o</i> 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum, | pundið | á | 11 | 39 | 68 | 34 | 57 | |
| 39. | — 40 — — — | óhreinsuðum | — — — | 2 | 53 | 101 | 20 | 84 | |
| 40. | — 120 — — fuglafiðri | 10 pund | á | 6 | 86 | 82 | 32 | 69 | |
| 41. | — 40 — — fjallagrösum | — — — | — — — | 1 | 75 | 7 | » | 6 | |
| 42. | 5 álnir, 1 dagsverk um heyannir | | | 2 | 53 | 60 | 72 | 51 | |
| 43. | 5 — 1 lambsfóður | | | 4 | 45 | 106 | 80 | 89 | |

Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin fyrtöldum landaurum verður:

| | | | |
|---|----|----|----|
| Eptir A. eða í friðu | 99 | 19 | 83 |
| — B. — í ullu, smjöri og tólg | 71 | 70 | 60 |
| — C. — í tóvöru af ullu | 86 | 71 | 72 |
| — D. — í fiski | 64 | 88 | 54 |
| — E. — í lýsi | 36 | 98 | 31 |
| — F. — í skinnavöru | 70 | 46 | 59 |

En meðalverð allra landaura saman talið 429 92 359
og skipt með 6 sýnir:

meðalverð allra meðalverða 71 65 60

Reykjavík, 22. dag marzmán. 1879.

Bergur Thorberg. P. Pjetursson.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður og vesturumdæminu um birtingu laga. — Jafnframt því að senda skýrslur frá hinum ýmsu lögsagnarumdæmum suðuramtsins um þinglesin lög og tilskipanir hafð þjer, herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi frá 14. p. m. tekið fram, að lög um skipti á dánar og fjelagsbúum o. fl. frá 12. apríl f. á. og lög um vitagjald af skipum frá s. d. hafi ekki verið þinglesin í nokkrum hreppum í Skaptafells og Árnessýslum, og óskið þjer því leiðbeiningar minnar um, hvort nauðsynlegt sje, að þinglesa lögin í ár, í þessum hreppum eða, hvort þau verði álitin þegar að hafa náð gildi þar eins og annarstaðar.

Fyrir því vil jeg þjónustusamlega tjá yður til leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum, að samkvæmt lögum frá 24. ágúst 1877 um birting laga og tilskipana getur ekki komið til tals nú, að þinglýsa ofanefndum lögum. Hins vegar er birting sú

43 20. marz. sem átt hefir sjer stað í A deild stjórnartíðindanna 1878 bls. 6—51 skuldbindandi, og með því að í hvorutveggja lögum þeim, er hjer ræðir um, er sjerstaklega sagt fyrir um, hvenær þau skuli öðlast gildi, er þetta ekki bundið við neina auglýsingu í B deild stjórnartíðindanna um, að lögin sjeu út komin. Eins og tekið er fram í 2. gr. laga 24. ágúst 1877, er það ekki skilyrði fyrir því, að lög sjeu skuldbindandi, að þau verði lesin upp á kirkjufundum eða hreppaskilapingum. Samt vona jeg, að hlutaðeigandi sýslumenn hafi sjeð um, að áminnt tvenn lög hafi verið send hreppstjórnum til birtingar á nefndan hátt, en skyldi þetta hafa verið vanrækt, ber að leggja fyrir sýslumennina að gjöra tafarlaust nauðsynlegar ráðstafanir í þessu efni.

44 20. marz. — *Brief landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um styrk til vegagjörða.* — Með þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, frá 18. þ. mán. meðtók jeg tillögur yðar um vegagjörðir þær, sem vinna ber á yfirstandandi ári í suður- og vesturumdæminu, og læt jeg nú ekki dragast hjer með að veita samþykki mitt til þess, að af þeim 15000 kr., sem veittar eru í fjárlögunum fyrir yfirstandandi ár § 10, C, 6, sje varið eptirnefndum upphæðum til fjallvegagjörða í suður- og vesturumdæminu.

- | | |
|---|----------|
| 1. til að fullgera veginn yfir Svínahraun | 3000 kr. |
| 2. — endurbóta á veginum upp hina svo nefndu Kamba á Hellsisheiði | 1000 — |
| 3. — framhalds vegagjörðinni á Holtavörðuheiði | 1500 — |
| 4. — framhalds vegabótinni á Kaldadalsveginum | 1500 — |
| 5. — framhalds vegagjörðinni á Laxárdalsheiði í Dalasýslu | 400 — |
| 6. — framhalds vegagjörðinni yfir Bröttubrekku | 400 — |

og vil jeg hjer með fela yður, herra amtmaður, á hendur að gjöra nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að framkvæmt verði fyrnefndum vegagjörðum, sem og til þess, að gjörð verði á sínum tíma nauðsynleg reikningsskil fyrir áminntu fje.

EMBÆTTASKIPUN O. FL.

Hinn 22. dag janúarmánaðar þóknadist hans hátign konunginum allra mildilegast að veita sýslumanni í Skaptafellssýslu Árna Gíslasyni lausn í náð frá tjeðu embætti með árlegum eptirlaunum samkvæmt eptirlaunalögum, allt frá 1. júlí þ. á. að telja.

29. janúar skipaði landshöfðingi kandiðat Þorstein Benidiktsson til að vera prest Lundar og Fitja safnaða í Borgarfjarðar prófastsdæmi.

19. febrúar var hreppstjóri Ólafur Pálsson á Höfðabrekku settur til að gegna Kirkjubæjar og Þykkvabæjar klausturs umboði um stundar sakir.

19. marz var presturinn að Þoroddstað sira Stefán Jónsson skipaður prestur í Mývatnspingum í Suður-Þingeyjar prófastsdæmi.

21. marz var præpositus honorarius sira Sveinn Níelsson R. D. skipaður prestur að Hallormsstað í Suðurmúla prófastsdæmi.

ALÞINGISKÖSNING.

Samkvæmt skýrslu hlutaðeigandi amtmanns frá 3. marz var cand. philos. Björn Jónsson 1. október f. á. kosinn alþingismaður í Strandasýslu.

ÓVEITT EMBÆTTI.

er ráðgjafinn fyrir Ísland hlutast til um veitingu á.

Embættið sem sýslumaður í Skaptafellssýslu innan suðurumdæmis Íslands verður laust 1. júlí þ. á. Árslaun 3000 kr.

Söeki aðrir en Íslendingar um embætti þetta, skulu þeir láta bónarbrjefum sínum fylgja tilheyrligt vottorð um kunnáttu í íslenzkri tungu samkv. konungsúrsk. 8. apríl 1844, 27. maí 1857 og 8. febr. 1863.

Auglýst 31. jan. 1879. Bónarbrjef eiga að vera komin 19. maí 1879.